

Ábyrgð Íslendinga á netinu

Halldór Auðar Svansson

Formaður Pírata í Reykjavík



Ábyrgð á hverju?

1) Á tjáningarfrelsi.

2) Á vernd gegn hættum á netinu.

1) Tjáningarfrelsi

Átök á borð við IMMI snúast fyrst og fremst um vernd tjáningarfrelsis.

Hugmyndin er að tjáningarfrelsi og lýðræði haldast óhjákvæmilega í hendur.



INTERNATIONAL
MODERN MEDIA
INSTITUTE

(immi.is)

IMMI í stuttu máli

- Vernd fréttamanna.
- Vernd útgefenda.
- Vernd uppljóstrara.
- Vernd hýsingaraðila.
- Aukið upplýsingafrelsi.
- Og sitthvað fleira!

Óhreinn þvottur?

- Ekkert gert löglegt sem er núna ólöglegt (t.d. barnaklám, höfundarréttarbrot ...) heldur refsirammur aðlagaðir að tillögum Evrópuráðs og ýmis hegðun sem er lögleg í dag vernduð betur.
- Snýst aðallega um að vernda tjáningu og upplýsingagjöf gegn þeim sem hafa hag af því að stöðva það af.

Sérstaðan felst í

.... skjóli fyrir gögn á borð við þau frá þessum.



Erum við tilbúin í það?

- Af hverju ekki?
- Við erum í NATO sem þýðir að hvers kyns árás á okkur (jafnvel frá öðru NATO-ríki) er árás á þau öll.
- Heimsbyggðin er almennt að verða fremur jákvæð í garð uppljóstrara.

Hvað með netárásir?

Einhverjir munu hafa hag af því að stunda netárásir á Ísland til að koma út gögnum eða kúga okkur til að taka eitthvað út ...

Stutt svar:

Við þurfum að vernda okkur gegn þeim hvort eð er; öryggismálin eru alltaf mikilvæg.

2) Vernd gegn hættum á netinu

Netið nær í eðli sínu yfir allan heiminn.

Í heiminum leynast hættur.

Hvað getum við gert við því?




„Upplýsingahraðbrautin“



Umferð á netinu er stundum
líkt við bílaumferð.

Þarf þá 'umferðareftirlit' með
öllum hættunum á netinu?

Munurinn



Á netinu er núorðið nóg af rými.

Sá skortur sem þó er enn til staðar
leiðir ekki til 'árekstra'.

=> Minni almannahagur í húfi og
eftirlit þá síður nauðsynlegt.

Allt þetta rými gerir eftirlit líka í raun
fræðilega ómögulegt.

Annar munur

- Úti við (keyrandi eða gangandi) er fólk alltaf í opinberu rými.
- Á netinu ákveður fólk að gera *sumt* opinbert en almennt er það í sínu einkarými.
- Eftirlit á netinu væri því svipað því að skoða inn í bíla fólks.




Þriðji munurinn

Í umferðinni kunna allir *umferðarreglur*.

En á netinu kunna alls ekki allir 'netreglur'

... og það þarf ekki að kunna slíkar reglur til að fá að vera á því
þó að netið geti vissulega verið flókið.

Og hvað?



Eru netskírteini fyrir alla þá málið?

Kannski ekki alveg!

En, rétt eins og fólk í umferðinni sýnir tillitssemi og er á varðbergi gagnvart þeim hættum sem fylgja henni er gott að fólk á netinu kunni á hvernig það virkar og hvaða hættur þarf að varast!



(saft.is)

Hver ber þá ábyrgð á því?



Stutta svarið:

Við öll

Lengra svarið:

Þeir sem kunna kenna öðrum

Hverjir kunna?

Sérfræðingarnir

- Þurfum að tjá okkur og miðla okkar þekkingu.

Fólkið með reynsluna

- Fyrst núna er kynslóð sem ólst upp með netinu að vaxa úr grasi sem *kannski* mun þá kunna eitthvað inn á netmenningu barna sinna.